

Fundargerð 222. fundar stjórnar Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. haldinn
11. desember 2025, kl. 13:30 á Vinnustofu Kjarvals, Austurstræti 10a, 101 Reykjavík.

Mætt:

Salóme Guðmundsdóttir, stjórnarformaður
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Einar Gunnar Thoroddsen, stjórnarmaður,
Guðmundur Daði Rúnarsson, stjórnarmaður,
Guðný Birna Guðmundsdóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri,
Bryndís Lúðvíksdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð,
Samúel Pétursson, þróunarstjóri kom inn á fundinn undir lið 4,
Gunnar Sigurðsson, markaðsstjóri kom inn á fundinn undir lið 5,
Elín Guðnadóttir, yfirverkefnastjóri kom inn á fundinn undir lið 5,

1. *Mánaðarlegar rekstrarupplýsingar og skuldbindingar félagsins* – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri lagði fram mánaðarlegar rekstrarupplýsingar og skuldbindingar félagsins.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

2. *Rekstraráætlun 2026* – drög til kynningar

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að rekstraráætlun fyrir árið 2026.

Áætlunin verður tekin fyrir til samþykktar á fundi stjórnar í janúar 2026.

Stjórn þakkaði kynninguna.

3. *Yfirlit yfir K64* – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri fór yfir kynningu á K64 og sagði frá ýmsum verkefnum sem eru í gangi. Umræður um stöðu verkefna og áherslusvæði. Rætt um mikilvægi þess að byggja brýr á milli hagsmunaaðila og að eiga í góðu samtali við nærsamfélagið.

Stjórn þakkaði fyrir góða kynningu.

4. *Hugarflugvöllur á Ásbrú* - til upplýsinga

Samúel Torfi Pétursson þróunarstjóri kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir aðdraganda verkefnisins. Sagði frá samkomulagi við Reykjanesbæ um skiptingu kostnaðar og hugmyndum um fjármögnun nýs leiksvæðis á Ásbrú. Einnig sýndi hann forhönnun á svæðinu og fór yfir stöðuna á verkefninu.

Stjórn lýsti ánægju með verkefnið og þakkaði fyrir kynninguna.

5. *Mörkun og miðlun Kadeco og K64*

Gunnar Sigurðsson markaðsstjóri og Elín Guðnadóttir yfirverkefnastjóri komu inn á fundinn undir þessum lið. Gunnar kynnti undirbúningsvinnu við mörkun félagsins og K64 auk fyrirhugaðrar vinnu með ráðgjafa vegna þessa.

Stjórn þakkaði fyrir kynninguna og samþykkti fyrirhugaða vinnu með ráðgjafa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.15:45.